

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2011****2011/EES/37/14****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 163/2010 frá 9. febrúar 2010 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2009 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 202/2010 frá 10. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 6/2003 um miðlun hagskýrslna um vöruflytinga á vegum ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4ag (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2009):
„4ah. **32010 R 0163**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 163/2010 frá 9. febrúar 2010 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2009 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 54, 4.3.2010, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 7g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 6/2003):
„eins og henni var breytt með:
– **32010 R 0202**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 202/2010 frá 10. mars 2010 (Stjtið. ESB L 61, 11.3.2010, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 163/2010 og 202/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 54, 4.3.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 61, 11.3.2010, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.